

FRÉTTABRÉF

2. tbl. skólaárið 2013—2014

Þetta haust er búið að vera viðburðaríkt í skólanum. Kristján Þ. Gíslason skólastjóri sagði upp starfi sínu föstudaginn 13. september og hætti frá og með mánaðamótunum september – október. Hilmar Már Arason aðstoðarskólastjóri var settur skólastjóri, Sóley Sigurþórsdóttir staðgengill skólastjóra og jafnframt komu Ásta Björk Björnsdóttir deildarstjóri og Elín Kristinsdóttir verkefnastjóri inn í skólastjórn skólans. Þessi stjórnendahópur mun leiða starf skólans þangað til nýr skólastjóri hefur verið ráðinn.

Þessa rúma tvo mánuði sem liðnir eru af skólaárinu hafa nemendur og starfsfólk verið að vinna að fjölbreyttum verkum. Má þar helst nefna:

Hljóðfærasmíðjur voru fyrir nemendur í 1.–5. bekk.

Fjölbreyttar smíðjur eru vikulega á yngsta stigi.

Skákæfingar hófust á ný og eru á miðvikudögum kl. 14:25.

Byrjendalæsið í fyrsta og öðrum bekk.

Við erum að þreifa okkur áfram með vinnu með Learn-pad á yngsta stiginu.

Nemendur þriðja bekkjar tóku þátt í Þjóðadeginum í Hjálmakletti 27.10. og sungu þar tvö lög, við góðar undirtektir.

Vinaliða verkefnið fór vel af stað á miðstiginu.

PALS verkefnið fór af stað í þriðja til sjötta bekk.

Fimmti og sjöundi bekkur fóru í rannsóknarferðir í Einkunnir.

Fjölbreytt og endurskoðað valkerfi í eldri deildinni.

Sjöundi bekkur tók þátt í Kapphlaupinu um lífið á Akranesi.

Áttundi bekkur fór í bekkjarferð í Skorradal.

Níundi bekkur var í skólabúðum að Laugum 21.-25. október.

Tíundi bekkur fór í óvissuferð um Norðurland að loknum samræmdu prófunum.

Frá byrjun þessa skólaárs höfum við unnið að innleiðingu fjögurra nýrra verkefna í skólanum, þ.e. endurbótum á valkerfi á elsta stiginu, vinaliðaverkefni sem er á miðstiginu, PALS sem við byrjum með í öðrum til sjötta bekk og síðasta árið höfum við verið að vinna að innleiðingu á nýrri Aðalnámskrá. Starfsfólk skólans hefur unnið ótullega og af áhuga við innleiðingu þessara verkefna og á mikið hrós skilið fyrir sína óeingingjörnu vinnu.

Næstu dagar

Miðvikudaginn 13.11. er foreldravíðtalsdagur í skólanum. Fimmtudaginn 14.11. og föstudaginn 15.11. verður vetrarfrí í skólanum.

skólanum í Borgarnesi og er starfsemin í bjartri og rúmgóðri kennslustofu þar sem áhersla er lögð á notalegt andrúmsloft, jafnhliða því að hugað er að góðu skipulagi í vinnuumhverfinu. Lögð er áhersla á svokallaða „öfuga blöndun“ sem þýðir að þess er gætt að fleiri nemendur en skjólstaðingar Kletts fá að koma þangað í kennslu. Allir nemendur í Kletti stunda nám í sínum heimabekk í einhverjum mæli. Þeir taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum bekkjar sem þeir hafa forsendur til, en þess gætt að þeir hafi þann stuðning sem þeir þurfa til að viðfangsefnin gangi vel. Margir nemendur með einhverfu eiga erfitt með nýjar aðstæður þar sem óvæntir hlutir geta komið upp. Því er lögð áhersla á að nemendur fari reglulega í vettvangsferðir í fámennum hópum og hugað sérstaklega að undirbúningi og úrvinnslu.

Í vetur fá 7 nemendur kennslu á vegum Kletts og er þörf þeirra allt frá fáum tímum á viku upp í að njóta þjónustu allan skóladaginn.

Í Kletti starfa 4 starfsmenn. Sigríður Hrund Hálfðanardóttir þroskaþjálfari vinnur í 70% starfi, Helena Guðmundsdóttir grunnskólakennari er í 100% starfi og Fanney Þorkelsdóttir þroskaþjálfanemi starfar sem stuðningsfulltrúi í 100% starfi. Starfsfólk í Kletti kemur að teymisvinnu um þau börn sem fá kennslu í gegnum námsverið, sitja í teyllum með kennurum og foreldrum og vinna í samstarfi við umsjónarkennara að kennslu barnsins. Þá eru starfsmenn deildarstjóra innan handar varðandi ráðgjöf við nemendur í öðrum skólum. Deildarstjóri er Ásta Björk Björnsdóttir sérkennari, hún er í 20% starfshlutfalli og heldur utan um starfið, veitir ráðgjöf í leik- og grunnskóla og situr í teyllum vegna flestra nemenda með einhverfu í sveitarfélaginu á leik- og grunnskólastigi.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á fagmennsku starfsfólks í Kletti, að þeir hafi allir góða menntun og þekki vel til einhverfu og þeirra starfshátta sem rannsóknir sýna að gagnast best til kennslu nemenda með einhverfu. Því er mikil áhersla lögð á endurmenntun. Þær kennsluáferðir sem nýttar eru kallast TEACCH (Treatment and Education of Autistic and related Communications Handicapped Children) og atferlisþjálfun.

Ásta Björk Björnsdóttir



Úr hljóðfærasmíðju

Fréttabréf Grunnskólans í Borgarnesi.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Hilmar Már Arason.

Val í unglingadeild veturinn 2012-13

Samkvæmt Aðalnámskrá grunn-skóla eru valgreinar hluti af skyldunámi í 8.-10. bekk. Markmið valgreina eiga að miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og áhersla á að gefa nemendum kost á að dýpka þekkingu sína á öllum námsviðum - bóknámi, starfsmenntun, verknámi og list- og tækninámi. Einnig eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að vikka sjóndeildarhring þeirra, stuðla að aukinni lífsfyllingu eða dýpka þekkingu, leikni og hæfni sína á tilteknum sviðum í samræmi við áhuga þeirra.

Til að koma betur til móts við áhugasvið nemenda var síðastliðið vor ákveðið að breyta framkvæmd, tímafjölda og skipulagi á valgreinum.

Boðið er upp á þrennskonar val. Flestir tímar í vali eru í 9. og 10. bekk en fæstir í 7. bekk.

Miðvikudagsval er í boði fyrir 7.-10. bekk. Um er að ræða 1,5 kennslustund á viku og fengu nemendur að velja á milli 30 valgreina. Nemendur völdu þrjár greinar í haust og var valið síðan skipulagt út frá því. Sumar valgreinar féllu niður þar sem ekki var nægjanleg þátttaka. Í öðrum tilfellum voru valáfangar sameinaðir og enn aðrir kenndir á fleiri en einni önn. Ljóst er að

þetta nýja skipulag að velja fyrir allan veturinn í einu varð til þess að betur var hægt að koma til móts við einstaka nemendur.

List- og verkgreina val í 9. og 10. bekk - þrjú tímar á viku. Nemendur fá að velja á milli list- og verkgreina og eru eina önn í hverjum áfanga.

Föstudagsval - Sú nýjung var tekin upp í vetur að bjóða 9. og 10. bekk upp á þrjú mismunandi valáfanga sem kenndir eru einu sinni í viku allan veturinn. Hver áfangi getur falið í sér fleiri en eitt námssvið. Í sumum tilfellum taka áfangarnir breytingum þegar á líður þar sem miðað er við að koma til móts við þarfir og áhugasvið nemenda.

Áfangarnir í föstudagsvalinu eru:

Lífsstílsval þar sem farið er vítt og breitt í allt sem styður við heilbrigðan lífsstíl ungmenna og barna. Náminu er skipt í fjóra hluta, bæði verklega og bóklega: Næring og neytendafræði, hvíld/svefn, hreyfing og matreiðsla á hollum og fjölskylduvænum mat.

Tækniteiknun. Farið er í gegnum helstu þætti í tækniteiknun. Eftir að farið hefur verið í gegnum grunnþætti tækniteikningar fá nemendur að velja sér svið til að vinna með t.d. húsateikningar, innan-hússhönnun, módelteikningu.

Samskipti og verkefnavinna eTwinning þar sem áætlað er að koma á tengslum við aðra skóla í Evrópu og inniheldur m.a. þjálfun í ensku sem samskiptamáli.

Sóley Sigurþórsdóttir

Vinaliðar

Þetta skólaár mun skólinn innleiða verkefni sem heitir Vinaliðar. Í upphafi er unnið eftir því í 4.-6. bekk og stefnt er að því að taka það upp í öllum skólanum ef vel tekst til.

Vinaliðaverkefnið er sett upp þannig að vinaliðar eru valdir af bekkjarfélögum sínum og skipuleggja þeir leiki og hreyfingu í löngu frímínútum skólans. Vinaliðar mega ekki hafa orðið uppvísir að eineltisþátttöku, annars fá þeir ekki hlutverkið. Verkefnið er upprunnið í Noregi þar sem 785 skólar hafa tekið verkefnið upp með góðum árangri.

Markmið vinaliðaverkefnisins er að:

Stuðla að fjölbreyttari leikjum í löngu útivistinni.

Leggja grunn sem gerir nemendum kleift að tengjast sterkum vinaböndum.

Minnka togstreitu milli nemenda.

Hampa góðum gildum, svo sem vináttu, virðingu og því að allir fái að taka þátt.

Samhliða góðum eineltisáætlunum er markmiðið með Vinaliðaverkefninu einnig að draga úr einelti og auka vellíðan nemenda í skólum.



Klettur- námsver fyrir nemendur með röskun á ein- hverfurófi

Námsverið Klettur var stofnað fyrir ári síðan í kjölfar vinnu starfshóps á vegum sveitarfélagsins. Námsverið er ætlað nemendum með einhverfu og þjónustar grunn-skólanemendum í allri Borgarbyggð. Þjónustan getur verið með ýmsu móti; kennsla í Kletti, kennsla utan Kletts eða ráðgjöf við kennara. Þá er stefnan að í Kletti verði til gagnasafn og reynsla sem allir leik- og grunnskólar geta nýtt sér í vinnu með nemendum með einhverfu. Markmiðið er að námsverið „vaxi“ með þeim nemendum sem þar stunda nám og því bætist við 1 yngri árgangur á hverju ári. Í vetur stendur einungis nemendum í 1. – 6. bekk til boða að njóta kennslu úr námsverinu, þó svo að ráðgjöf megi nýta fyrir nemendur frá leikskóla og upp til loka grunnskóla.

Einhverfa er gagnaþekkt þrosaröskun sem kemur fram á misjöfnum tíma eftir fæðingu hjá 1,0 – 1,6% barna. Röskunin lýsir sér á ólíkan hátt á milli einstaklinga en hefur helst áhrif á mál og tjáningu sem og félagsleg samskipti. Oft glíma einstaklingar líka við sérkennilega og áráttukennda hegðun. Kvíði er algengur fylgifiskur einhverfu. Einkenni geta verið missterk á milli einstaklinga. Margt af því sem einstaklingar á einhverfurófi eiga erfitt með er hægt að kenna þeim með markvissri kennslu.

Kletti var fundinn staður í Grunn-